



## Fundargerð

### 9. fundur Byggingarnefndar haldinn í fjarfundi, Fimmtudaginn 28. maí 2026, kl. 16:15.

#### Fundinn sátu:

Björn Helgi Snorrason, Elín Heiða Valsdóttir, Hörður Eypórsson, Helgi Guðmundsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Helgi Guðmundsson, 9. Fundur Byggingarnefndar.

#### Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2510028 - Bygging á nýjum leikskóla

*Sótt er um leyfi til að reisa nýjan leikskóla norðurálmú núverandi skólabyggingar. byggingin mun hýsa starfsemi leikskóla með heimastofum, leikrymum, hóprýmum, fatahengi, snyrtingum barna, aðstöðu starfsfólks, geymslum, tækniryumum og tengiryumum.*

*Um er að ræða 4 deilda leikskóla fyrir allt að 60 börn en gera þarf ráð fyrir að samfélagið stækki á næstu árum ef fólk fjölgar. Er byggingin á einni hæð og er gert ráð fyrir að hægt verði að byggja úr forsteyptum einingum eða staðsteypta burðarvirki hússins í útboði sem kæmi til.*

*Nýji leikskólinn verður 662,6m<sup>2</sup> að stærð með starfsmanna aðstöðu. Brúttó rúmmál er 2790,4 m<sup>3</sup>*

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina og er byggingarfulltrúavinna falið að vinna málið áfram.

2. 2603024 - Efri Ey 3

*Sótt er um leyfi til að byggja 4 forsmíðuð hús í landi Efri Eyjar 3 nánar L163320.*

*Búið er að samþykkja deiliskipulag sem en það hafði dregist í afgreiðslu vegna tafa á aðalskipulagi. Húsin koma frá BYKO og eru úr timbri um 62.4 m<sup>2</sup> að stærð og 149,952m<sup>3</sup>*

*Útveggir eru klæddir Pural járnklæðningu og sementstrefja plötum. Þak er mænispak klætt með bárujárni.*

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina og er byggingarfulltrúavinna falið að vinna málið áfram.

3. 2604001 - Umsókn um stækkun

*Sótt er um að leyfi til að stækka einbýlishús sem stendur í landi Keldunúps 2. Er það Rúnar Þorri sem er að stækka hjá sér um 35 m<sup>2</sup> samkvæmt uppdráttum sem lagðir hafa verið fram og verður endanleg særd þá 126,4 m<sup>2</sup> og brúttó rúmmál 442,4 m<sup>3</sup>.*



Útveggir eru úr timbri á sama hátt og fyrri bygging og þak er byggt upp með kraftsperrum.

4. 2604002 - Nýtt Fjós

Á bænum Austurhlíð í Skaftártungu nánar tiltekið L163298 er sótt um leyfi til að byggja nýtt fjós sem verður tengt eldra fjósi. Nýbyggingin verður um 855,8 m<sup>2</sup> og 6812,1 m<sup>3</sup> auk haugkjallara sem verður undir stórum hluta hússins. Eldra fjós samanstendur af eldri byggingum byggðum frá árunum 1947 - 1986 auk aðstöðuhúss, byggðu 2017. Nýja fjósið verður eitt stórt aðalrými þar sem gert er ráð fyrir lausagöngu gripa á rimlagólfi. Í allt verða legubásar fyrir 43 kýr. Fyrir miðju hússins verður fóðurganggur og einnig verða fóðurgangar meðfram langveggjum sunnantil í húsinu. Tengingangur verður yfir í eldra fjós þar sem aðstaða er fyrir fleiri kýr auk mjaltaaðstöðu, velferðastíu ofl.

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina og er byggingarfulltrúavinna falið að vinna málið áfram.

5. 2604003 - Fjarðargljúfur

Þingvangur sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðum sem eru vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Fjarðargljúfur.

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða stöðuleyfisumsóknina. Og er byggingarfulltrúavinna falið að vinna málið áfram.

6. 2604003 - Fjarðargljúfur

Á lóðinni verður reist bygging sem hýsir upplýsingamiðstöð, sýningarrými, verslun og veitingarekstur, ásamt starfsmannaaðstöðu, hannað á grundvelli Byggingarreglugerðar 112/2012. Byggingin er á einni hæð og liggur sunnan við Fjarðargljúfur. Lóð hefur verið stofnuð undir ferðapjónustu uppbygginguna og er með númerið L241533 Heiði 1B. Áætlaður fjöldi starfsmanna er 5-15 manns í einu og mestur fjöldi fólks í salarkynnum er 320 manns. Áætlaður fjöldi bílstjóra eru 5-10 manns í einu. Bílastæði er sunnan við húsið fyrir gesti og starfsmenn. Þrjú bílastæði fyrir hreyfihamlaða er næst inngangi. Gert er ráð fyrir 106 bílastæðum og 5 rútustæðum. Stærð byggingar er brúttóflötur 997,7m<sup>2</sup> og 4976,6 m<sup>3</sup>

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina og er byggingarfulltrúavinna falið að vinna málið áfram.



7. 2605037 - Skriðuvellir 2-6

*Brák íbúðarfélag sækir um byggingarleyfi á lóðinni Skriðuvellir 2-6 Húsið er tveggja hæða fjölbýlishús með 8 íbúðum, 4 á hvorri hæð í notkunarflokki 2. 4 íbúðir eru 66,0m<sup>2</sup>, aðrar fjórar 84,5m<sup>2</sup> og eru þær tveggja og þriggja herbergja eftir stærðum. Íbúðir eru með staðföng Skriðuvellir 2A og upp í Skriðuvelli 2H.*

*Það er gert úr aðfluttum timbureininingum á staðsteyptum sökklum og plötu. Á norð-austur horni byggingarreits er köld útigeymsla fyrir hjóla og vagnageymslu, einnig gert úr aðfluttum einingum.*

*Stærðir*

*Botnflötur 61,1m<sup>3</sup>*

*1 hæð 305,7m<sup>2</sup> 886,6m<sup>3</sup>*

*2 hæð 301,0m<sup>2</sup> 1175,4m<sup>3</sup>*

*Útigeymsla 16,8m<sup>2</sup> 56,4m<sup>3</sup>*

*Samtals 623,5m<sup>2</sup> 2179,5m<sup>3</sup>*

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerði grein fyrir málinu. Byggingarnefnd Skatftárhrepps samþykkir samhljóða byggingaleyfisumsóknina og er byggingafulltrúavinna falið að vinna málið áfram.

### Mál til kynningar

8. 2603022 - Stofnun lóðar

*FSRE sækir um að stofna lóð í landi Efri Ey 1 ríkisjóður er landeigandi en Hörður Daði Björgvinsson er með byggingarbréf við Ríkisjóð Íslands um jörðina. Fær nýja lóðin jafnframt nafnið Efri Ey lóð 1 þótt það sé ekki æskilegt að hálfu fasteignarskrá.*

*Þá mun Hörður fá tíma til að hugsa um hvaða nafn lóðin fær í framtíðinni og þá verður því breytt.*

9. 2512003 - Botnar E\_L239864

*Sæott er um stöðuleyfi á lóð E í Botnum nánar tiltekið L239864.*

*Umsækendur eru Anna Samúelsdóttir sem er greiðandi ásamt Erlu Þorbjörnsdóttir.*

*Óskað er eftir leyfi fyrir 18 m<sup>2</sup> gámahúsi á meðan er verið að standa í leyfis og skipulagsmálum. Er leyfið veitt tímabundið á meðan er verið að vinna í þessum málum.*

Helgi Guðmundsson, starfsmaður byggingafulltrúa gerir grein fyrir því að búið er að breyta deiliskipulagi og merkjalýsa þessa lóð.

10. 2508002 - Umsókn um byggingarleyfi

*Byggingafulltrúi vill gjarnan útskýra fyrir nefndinni stöðu mála á klausturvegi 2.*

*Þannig vill nú til að mikið hefu verið unnið af ókláruðum málum síðstu tvö ár og hefur gömlum málum sem voru ekki kláruð. Og er þetta eitt af þeim málum þar sem að lokaúttekt*

*hafði ekki verið kláruð og skráningu á húsnæði breytt og er það enn í dag fiskvinnsla og skrifstofur vegna þess ásamt því að rúmmetrar eru ekki rétt skráðir í fasteignaskrá.*



*En eins og staðan er núna þá er þetta að hafast og ætti að ljúka fljótlega þar sem að upprættir hafa verið uppfærðir.*

Fundi slitið kl. 17:30.

---

Björn Helgi Snorrason

---

Elín Heiða Valsdóttir

---

Hörður Eypórsson

# Undirritunarsíða

Björn Helgi Snorrason

Elín Heiða Valsdóttir

Hörður Eypórsson